

Reykjavík, 15. Nóvember 2021
PON21110048

Til fjölmeningarráðs
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn Fjölmeningarráðs um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar - R21010116.

Vísað er til bréfs dagsett þann 18. október 2021, þar sem óskað er eftir svari Þjónustu- og nýsköpunarsviðs við fyrirspurn um íslenskukennslu fyrir starfsfólk sviðsins.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir
mannauðsstjóri



Reykjavík, 12. nóvember 2021
PON21110048

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir, mannauðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn Fjölmenningarráðs um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar - R21010116.*

Á fundi fjölmenningarráðs þann 13. september 2021, fór fram kynning mannauðs- og starfsumhverfissviðs á íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, sbr. 6. lið fundargerðar fjölmenningarráðs s.d. Fjölmenningarráð lagði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er svara frá sviðum borgarinnar við eftirfarandi spurningum um fyrirkomulag og stöðu íslenskukennslu fyrir starfsfólk:

- *Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það skv. stefnumótun?*
- *Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?*
- *Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launaþróunar?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 18. október 2021.

Svar:

Hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði eru sex starfsmenn sem eru af erlendum uppruna sem starfa á fjórum skrifstofum innan sviðsins. Störf þeirra eru í húsumsjón, þjónustuveri, skjalastýringu, upplýsingatæknistýringu og í stafrænni Reykjavík. Störfin eru bæði ósérhæfð og allt að mjög sérhæfðum sérfræðingsstörfum þar sem fjölbreytt tungumálakunnátta er ótvíræður virðisauki. Íslenskukunnátta þeirra er allra er góð og íslenskukunnátta þeirra hefur ekki verið hindrun í starfi.

Fær starfsfólk upplýsingar um íslenskunám sem er í boði fyrir það skv. stefnumótun?

Upplýsingar hafa verið aðgengilegar starfsfólki og stjórnendum Þjónustu- og nýsköpunarsviðs á Workplace en þar eru reglulega settar inn upplýsingar á vefvegg *Fríðu Fræðslutorgs* um íslenskunámskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna. Þessum upplýsingum hafa einnig fylgt ítarlegar leiðbeiningar um hverjir standa fyrir umræddum námskeiðum, fyrirkomulag skráningar sem og tengiliður fyrir frekari upplýsingar.



Mannauðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur ávallt fylgt þessum upplýsingarpósti eftir með því að bera upp sambærilegt erindi á framkvæmdarstjórnarfundum sviðsins.

Fær starfsfólk tækifæri að sækja íslenskunám á vinnutíma?

Það er stefna sviðsins að óski starfsfólk eftir að sækja íslenskunámskeið, þá sé það heimilt á vinnutíma.

Er íslenskunám starfstengt og leiðir það til starfs- og launaþróunar?

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fylgir reglum kjarasamninga um launaþróun og ef íslenskunám fellur undir launa- og starfsþróun þá framfylgir sviðið slíkum reglum. Einnig ef skilgreindir starfsþróunarferlar væru til innan borgarinnar þá myndi Þjónustu- og nýsköpunarsvið fylgja slíkum ferlum.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir
Mannauðsstjóri Þjónustu- og nýsköpunarsviðs